



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Efni: Úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs árið 2020

Almennir styrkir skóla- og frístundaráðs eru auglýstir með öðrum styrkjum borgarinnar ár hvert. Fram kemur í auglýsingum að *meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda*. Hvert fagsvið borgarinnar getur einnig haft sínar áherslur við úthlutun styrkja.

Um styrkveitinguna gilda reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Umsóknir um styrki til skóla- og frístundaráðs árið 2020 voru 28 og heildarupphæð sem sótt var um kr. 38.761.683 en til úthlutunar eru skv. fjárhagsáætlun kr. 4.700.000.

Úthlutunarnefnd las yfir og lagði mat á þær umsóknir sem bárust um almenna styrki. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn
- hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Úthlutunarnefnd gerir tillögu um að eftirfarandi verkefni hljóti styrki, í þeim tilfellum þar sem lagt er til veittur verði styrkur að hluta er skilyrt að styrkupphæð verði varið í tilgreinda þætti:

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga	Útfærsla/skilyrði
1.	ADHD samtökin	Nám og tómstundir með ADHD	6.000.000	600.000	Boðið verði upp á eitt námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs í hverju hverfi borgarinnar (5 námskeið).
2.	Alexía Björg Jóhannesdóttir	Kynfræðsla Pörupilta	1.700.000	500.000	Styrkfjárhæð verði nýtt til að greiða niður þátttöku 10. bekkjar í grunnskólum Rvk.
3.	Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík	Stelpur filma	1.500.000	500.000	Styrkfjárhæð verði nýtt til að greiða fyrirlesurum og fyrir hluta kynningarefnis.
4.	Félag Horizon	Pangea stærðfræðikeppni	500.000	250.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða fyrir verðlaun vegna stærðfræðikeppninnar.
5.	Laila Margrét Arnþórsdóttir	Tilfinningadrekin minn	1.500.000	300.000	Styrkurinn verði nýttur til að greiða fyrir heimsóknir til elstu barna á leikskólum og yngstu nemenda grunnskóla í Rvk.
6.	Landssamband slökkviliðsmanna	Eldvarnarátak 2019	300.000	300.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna fræðslu um eldvarnir í 3. bekk grunnskóla Rvk.
7.	Markús Már Efraim	Rithöfundaskólinn í Gerðubergi	3.500.000	350.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða hluta af launakostnaði leiðbeinanda.
8.	Móðurmál – samtök um tvítyngi	Hýsing gagna í Gegni	200.000	200.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna hýsingu gagna í Gegni.
9.	Móðurmál – samtök um tvítyngi	Innkaup skólagagna	500.000	100.000	Upphæðin verði nýtt til að kaupa bækur og námsgögn á erlendum tungumálum.

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Upphæð umsóknar	Tillaga	Útfærsla/skilyrði
10.	Rauði krossinn	Krakkanám (áður Heilahristingur)	1.000.000	250.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða kostnað vegna sjálfboðaliða sem taka þátt í heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur á vegum Rauða krossins.
11.	Rithöfundasamband Íslands	Skáld í skólum	600.000	600.000	Upphæðin verði nýtt til að greiða niður kostnað leik- og grunnskóla í Rvk. vegna heimsókna rithöfunda.
12.	SÍM – Samband ísl. myndlistarmanna	Mánuður myndlistar	1.500.000	250.000	Upphæðin verði nýtt til að niðurgreiða þátttöku grunnskólánemenda í Reykjavík í Mánuði myndlistar.
13.	Tónskóli Sigursveins	Lögin hans Aðalsteins Ásbergs	600.000	500.000	Upphæðin verði nýtt til að standa straum af þátttöku leikskólubarna í Reykjavík í verkefninu.